



VELKOMIN TIL TYRKLANDS!

Kæri gestur

Við fararstjórar og leiðbeinendur Nazar bjóðum þig og þína fjölskyldu velkomna til Tyrklands. Við vonum að þú eigir eftir að upplifa ógleymanlegt sumarfrí með okkur.

Tyrkland er frábært land að heimsækja, hvort sem er að vori, sumri eða hausti. Hér getur þú notið þess að fara á yndislega ströndina, skoða fallett umhverfið, vingjarnlegt fólkið og auðvitað frábæru „allt innifalið“ hótelin okkar sem bjóða upp á allt sem til þarf; góðan mat, afslappandi sundlaugarsvæði og skemmtilega afþreyingu fyrir bæði stóra og smáa.


Við erum um það bil 100 fararstjórar og leiðbeinendur hér í Tyrklandi og við gerum okkar besta til að gera sumarfríð þitt eins ógleymanlegt og við mögulega getum. Þess vegna köllum við okkur Dream providers (draumaveitendur). Komdu til okkar ef þú hefur einhverjar spurningar, ef þú vilt fá góð ráð varðandi hótelið þitt eða áfangastað, eða bara ef þig langar til þess að deila með okkur hvernig þú upplifðir þitt sumarfrí. Við hlökkum til að hitta þig!

Í þessari bók finnur þú nytsamlegar upplýsingar en mögulega færðu einnig innblástur um hvað hægt er að gera hér í hinu frábæra Tyrklandi.

Við vonum að þú eigir yndislegt sumarfrí framundan!

Þínir Nazar fararstjórar





MUNDU AÐ

þú getur alltaf
spurt okkur ráða.
Við erum hér
fyrir þig!



FARARSTJÓRAR NAZAR Á NAZAR COLLECTION

nazar
COLLECTION

Við erum þínir Dream Providers

Nazar Collection er samheiti yfir okkar eigin hótél þar sem leiðbeinendur okkar sjá um Sjóráningjaglúbbinn fyrir yngstu kynslóðina ásamt sundskóla, dansskóla og unglingsklúbb.

Það er einnig hérna sem þú færð umfangsmestu þjónustuna. Við fararstjórar hjá Nazar erum á þínu hóteli oft í viku en þegar við erum með heimsóknartíma þá getur þú fundið okkur við borðið í andyrinu.

Utan heimsóknartíma er hægt að ná í okkur í þjónustusímanum allan daginn. Þjónustusíminn er þó aðeins ætlaður fyrir neyðartilvik á kvöldin og á nóttunni. Símanúmer og heimsóknartíma má finna á upplýsingartöflunni og einnig hér í hótélbókinni.

Í Nazar Collection eru Pegasos World, Pegasos Royal og Pegasos Resort.

OKKAR EIGIN BARNA- OG UNGLINGAÁFÞREYING – INNIFALIN Í VERÐINU

Hér að neðan er hægt að lesa meira um alla þá afþreyingu sem við skipuleggjum fyrir börn og unglinga á hótelinu. Þú skráir börnin/barnið til þátttöku hjá leiðbeinendum í sjóræningjaglúbbnum. Ef að barnið þitt vill líka vera með í sundskólanum þarf að skrá það til þátttöku daginn áður.



**BARNA
KLÚBBUR
KAPTEINS
NEMO**

Eru börnin þín ekta sjóræningjar? Í sjóræningjaglúbbnum förum við í fjársjóðsleit og lærum sjóræningjadans.



**CHILL
OUT
KLÚBBUR**

Griðarstaður unglinga á aldrinum 12-16 ára! Við prófum ólíkar íþróttir og afþreyingu og skemmtum okkur saman á kvöldin.



**SWIM
A'HOY**

Norrænn sundskóli Nazar. Kennir allt frá því að öðlast öryggi í vatni til dæmigerðrar sundkennslu.



**NÝTT
2014:
DANSSKÓLI**

Á Pegasos hótelinum okkar kennum við nú dans við vinsælustu lögin. Einu sinni í viku sýnum við svo hvað við erum búin að læra.

ÞJÓNUSTA NAZAR



Þjónusta Nazar – okkar stolt

Þegar þú ferð í sumarfrí þá er það okkur mikilvægt að þá upplifir einmitt það sumarfrí sem þú hafðir óskað þér. Þess vegna köllum við okkur Dream Providers (draumaveitendur). Það er nefnilega það sem við erum. Við erum hér á áfangastað til að gera þitt sumarfrí eins þægilegt og mögulegt er og til að uppfylla þína drauma. Það er það sem við erum best í og það er það sem við erum svo stolt af!

Hótelþjónusta

Þar sem okkur finnst persónuleg þjónusta mjög mikilvæg heimsækjum við flest af okkar hótélum nokkrum sinnum í viku. Þú getur séð heimsóknartímana hér í hótélbókinni og á upplýsingartöflunni. Þegar við erum á hótelinu getur þú fundið okkur í móttökunni.



Hringdu til okkar

Þú getur náð í okkur allan daginn. Hvort sem þú hefur spurningar, vilt skrá þig í skoðunarferð eða vantar hjálp þá erum við alltaf með þjónustusímann opinn. Þjónustusíminn er þó aðeins ætlaður fyrir neyðartilvik á kvöldin og á nóttunni.

Símanúmerið finnur þú hér í hótélbókinni og í sumarfríbæklingi Nazar. Athugið að hringja í þjónustusímann kostar eins og venjulegt símtal.

ÞJÓNUSTA HJÁ NAZAR

Þú munt oft sjá fararstjóra Nazar á hótelinu þínu. Þú finnur okkur oftast á hótelinu á morgnanna eða á kvöldin. Þú getur einnig hitt okkur í móttökunni og spjallað, fengið góð ráð eða sagt okkur hvernig þín upplifun af ferðinni hefur verið hingað til. Við viljum endilega að þú deilir með okkur þinni reynslu og leyfir okkur að deila okkar reynslu með þér, svo endilega komdu við hjá okkur við tækifæri.

Persónuleg þjónusta er og verður alltaf besta þjónustan. Því leggjum við mikla áherslu á að þú getir spjallað við þinn fararstjóra á hótelinu þínu en ekki bara í gegnum þjónustusímann. Því það er okkur mikilvægt að þú upplifir frábært sumarfrí.

Þú munt því sjá okkur oft á hótelinu. Það er ekki víst að þú hittir fararstjóra í rútunni á leið til flugvallarins. Okkur finnst nefnilega mikilvægara að eyða tíma með þér á hótelinu og í skoðunarferðunum. En við erum auðvitað til staðar á flugvælinum þegar þú lendir og eins til að hjálpa til við innritunina þegar kemur að brottför.

Við viljum veita þér það besta mögulega í samræmi við þína bókun. Ef það er eitthvað í sumarfríinu sem þú ert ekki ánægð/ur með, eða eitthvað sem þú þarft hjálp með þá er mjög mikilvægt að þú hafir samband við fararstjórana. Á þann veg getum við hjálpað þér að leysa þau vandamál sem upp kynnu að koma í sumarfríinu. Hafðu samband svo fljótt sem auðið er ef eitthvað kemur upp á.



VERSLUN Í TYRKLANDI

Hér höfum við safnað saman úrvali af bestu minjagripunum sem þú getur fundið í Tyrklandi. Þú skalt hafa samband við okkur fararstjórana ef þig vantar frekari upplýsingar um bestu búðirnar og markaðina.



Tyrkneskt sælgæti, lokum, elskað af öllum nammigrísimum.

Nazar augað er hefðbundinn tyrkneskur verndargripur sem er sagður vernda gegn óheppni og öfund.



Þú getur fundið ólífuolíu í hæsta gæðaflokki á t.d. markaði heimamanna.



Í Tyrklandi má búast við lágu verði og góðri þjónustu þegar verslað er meðal annars gleraugu, sólgleraugu eða linsur.



Við getum mælt með mörgum leðurvöruverslunum þar sem þú getur verið viss um að fá mikil gæði á lágu verði.



Anislikjörinn raki er opinber þjóðardrykkur Tyrklands.



Oft er hægt að fá skartgrip á mjög lágu verði í Tyrklandi, þar sem það er ódýrt að búa þá til hér.



Tyrkir eru sérfræðingar í handverki og keramik.

Ekta tyrkneski hamam hansinn fjarlægir allar dauðar húðfrumur.



Taktu með þér tyrkneska bragðið heim! Hægt er að kaupa ýmis krydd á markaði heimamanna.



DEKRAÐU VIÐ ÞIG Í TYRKLANDI

Í sumarfríinu á maður að leyfa sér smá dekur en enginn staður er betri fyrir svoleiðis heldur en Tyrkland. Tyrkneskar hefðir varðandi velferð og dekur ná hundruð ár aftur í tímann. Þegar við hjá Nazar leyfum okkur dekur förum við á hárgreiðslustofuna eða í tyrkneska baðið hamam.



HÁRGREIÐSLUSTOFA OG RAKARI – EINSTÖK UPPLIFUN

Tyrkneska orðið yfir hárgreiðslustofu er „kuaför“. Hér getur þú látið klippa, lita og blása hárið ásamt því að fá hand- og fót snyrtingu.

Á meðan að verið er að klippa hárið getur verið að allt að þrír starfsmenn dekri við þig í einu, svo þú getur hallað þér aftur og slappað af.

Að heimsækja rakara í Tyrklandi er sérstök upplifun fyrir okkar karlkyns gesti. Rakari heitir á tyrknesku „berber“ en hjá honum getur þú bæði fengið hefbundna klippingu og rakstur með hníf. Hjá sumum rökurum færðu andlitsnudd og jafnvel axla og handanudd eftir klippinguna.

Ekki gleyma að hér telst það góður siður að skilja eftir þjófí.



HAMAM – ÞEGAR ÞÚ VILT ENDURNÆRA BÆÐI LÍKAMA OG SÁL



Það er ekkert betra en að byrja sumarfríið með tyrkneska baðinu hamam, en það á rætur sínar að rekja allt til rómverskra tíma. Þú situr á hlýjum bekkjum í hringlóttu marmaraherbergi og slappar af á meðan að hlý gufan opnar svitaholurnar og hreinsar þær.

Hér getur þú þvegið þér með skálum fullum af vatni eða af hverju ekki að leggjast á hlýjan marmarann og leyfa bakninu að mýkjast upp.

Starfsmaður heilsulindarinnar nuddar húðina með grófum hanska og tekur burt allar dauðar húðfrumur, en það er fullkominn grunnur fyrir frábæra sólbrúngu sem endist lengur.

Næst á dagskrá er froðunudd og á vissum stöðum er einnig boðið upp á slakandi olíunudd í lokin. Eftir þetta getur þú verið viss um að húðin er tilbúin fyrir geisla sólarinnar og þá getur sumarfríið hafist af alvöru.

TYRKIR SEM BREYTT



Jólasveinninn

Það getur verið að einhverjir haldi að hann búi nú á Norðurpólnum en jólasveinninn kemur í raun frá Tyrklandi. Heilagur Nikulás var biskup í Myra, þar sem nú er Demre í vestur Tyrklandi (dáinn árið 343). Til eru margar sögur að heilagur Nikulás hafi framið kraftaverk eins og t.d hafi hann lifgað menn upp frá dauðum og þegar það var hungursneið hafi hann margfaldað eitt skipshlass af hveiti.

Hann lagði það í vana sinn að leggja gullpening í þá skó sem stóðu fyrir utan húsin en það er einmitt eitt af því sem gerði hann að fyrirmynd jólasveinsins.

Mustafa Kemal Atatürk

Það er ekki hægt að vanmeta þá stórkostlegu þýðingu sem Atatürk (1881-1938) hafði fyrir stofnun Tyrklands eins og við þekkjum það. Atatürk fór fyrir byltingu þar sem ottománíska keisaraveldið var afnumið 1923 og nútímalegt lýðveldi var stofnað ásamt tyrkneska þinginu.

Hann lagði niður múslimska tungldagatalið og innleiddi í staðinn það gregoríanska, kom í gegn lagabreytingu varðandi jafnan rétt kvenna og rétt þeirra til að kjósa, lagði niður notkun á arabíska stafrófinu og tók upp það latínska, setti það í lög að allir skyldu bera eftirnafn, gerði 5 ára skólaskyldu sem var síðar hækkuð upp til 8 ár og margt, margt fleira.

Allt þetta var liður í áætlun hans um að gera Tyrkland að framsæknu og lifandi ríki sem stæði jafnfætis hinum vestrænu ríkjum. Atatürk er ennþá vel liðinn og virtur á meðal tyrknesku þjóðarinnar. Dánardægri hans er minnst í landinu öllu með mínútu þögn þann 10 nóvember kl 09:05.



Orhan Pamuk

Orhan Pamuk (f. 1952) er einn af þekktustu rithöfundum Tyrklands. Fyrsta skáldsagan hans kom út 1974 en árið 2013 hafði hann gefið út 15 bækur sem höfðu verið þýddar á hvorki meira né minna en 60 tungumál. Í bókum sínum lýsir Pamuk daglegu lífi í nútíma Tyrklandi og hvernig sjálfsmynd Tyrkja hefur sundrast vegna óöryggis, sem annars vegar stafar af innri átökum á milli vestrænna og austrænna gilda og hins vegar vegna veraldlegra gæða og múslimskra hefða.

Pamuk er alþjóðlega virtur og hefur fengið margar viðurkenningar þar á meðal Nóbelsverðlaunin í bókmenntum árið 2006.

París prins af Tróju

Við þekkjum París prins fyrst og fremst frá grísku hetjusögunni Illionskviðu sem ætlað er að hafi gerst í kringum 700 f.kr. Illionskviða Homers fjallar um eitt þekktasta stríð sögunnar trojustríðið sem var háð við borgina Tróju við Hellusund um 1250 f.kr. Stríðið hófst með því að París prins stal Helenu fögru frá gríska unnusta sínum og byrjuðu Grikkir þá 10 ára umsátur um Tróju heimabæ París til að reyna að ná Helenu til baka. Þykkir borgarmúrar Tróju héldu þó alveg þar til Grikkjum tókst að smygla hermönnum inn í borgina með því að fela þá í búk á stórum tréhesti. París hefur verið lýst sem skelfilegum hermanni en honum tókst þó að drepa grísku hetjuna Akkiles með því að skjóta ör í hælinn á honum. Fornleifafræðingar hafa staðsett hina fornu Tróju í norðvestur Tyrklandi.



Reiss-Engelhorn-Museum, Foto: Jean Christen

HAFA SÖGUNNI



Sabiha Gökçen

Sabiha Gökçen (1913-2001) var fyrsti kvenkyns orustuflugmaðurinn í heiminum. Hún var einungis 23 ára gömul þegar hún varð fyrst kvenna til að taka þátt í stríði sem orrustuflugmaður. Hún var af fátækum ættum en var ættleidd 12 ára gömul af Mustafa Kemal Atatürk og það var hann sem uppgötvaði ástríðu hennar fyrir flugvélum. Hann hvatti hana til að læra til orrustuflugmanns. Á ferli sínum var hún meira en 8.000 tíma í loftinu og vegna framúrskarandi árangurs hefur einn af flugvöllum Ístanbúls verið nefndur eftir henni. Eftirnafnið Gökçen þýðir „tilheyrir himninum“.

Sertab Erener

Sertab Erener (f. 1964) er ein mest þekkt popdív Tyrklands. Sú eina sem mögulega er þekktari er hin fræga Sezen Aksu. Sertab hafði þegar gefið út mörg þekkt albúm þegar hún varð alþjóðlega fræg eftir að vinna söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva árið 2003, fyrst Tyrkja. Í viðbót við sína frábæra rödd er hún þekkt fyrir að vera sterkur persónuleiki og með flotta sviðsframkomu. Margar tyrkneskar konur líta á hana sem sína fyrirmynd.



Osman I

Osman I (1258-1326) var stofnandi Ósmanska ríkisins sem tók að lokum yfir stjórnina af Tyrklandi árið 1453. Á sínum stórveldisárum á 17- og 18 öld náði Ósmanska ríkið alveg frá Armeníu í austri til Bosníu í vestri og Egyptalands í suðri. Það var þó ómögulegt að halda saman svona stóru landsvæði með mörgum ólíkum þjóðarbrotum. Vald Osmanna og máttur minnkaði stöðugt og þurftu þeir að láta af hendi meira og meira land við landamærin, en þegar Heimstyrjöldin fyrri hófs árið 1914 voru Ottómenn orðnir svo veikburða að þeir gátu ekki haldið uppi árangursríkum vörnum. Uppreisn Atatürks varð þess valdandi að stórveldið féll árið 1923.

Mimar Sinan

Sá arkitekt sem var mest áberandi á Osmaníska tímabilinu var Mimar Sinan (1490-1588), sem var einnig kallaður Michelangelo austursins. Hann stóð að byggingu um það bil 360 bygginga þar á meðal voru um 100 moskur og 35 hallir. Þekktasta byggingin hans er Suleymaníey moskan í Ístanbúl, en hún er einnig stærsta moskan í Ístanbúl og eitt af þekktustu kennileitum borgarinnar. Verk Sinan hafa verið öðrum arkitektum innblástur bæði í austri og vestri og má meðal annars sjá nokkur af hans einkennisarkitektúr í Taj Mahal í Indlandi.



Yusuf Ismail

Yusuf Ismail (1857-1898) var þekktur glímukappi á seinni hluta 18 aldar og átti frábæran feril í Bandaríkjunum þar sem hann var þekktur sem „The Terrible Turk“ (hræðilegi Tyrkinn). Ólíuglíma er þjóðaríþrótt Tyrkja og hafa verið haldin glímumót alveg frá 1392 sem gerir þetta að elsta íþróttamóti í heiminum. Glímukapparnir smyrja sig með ólífuolíu og eru í leðurbuxum en góð leið til að vinna glímuna er að ná góðu taki á buxum andstæðingsins. Eftir að Yusuf hafði sigrað svo til alla ameríska glímukappa lagði hann af stað heim á leið árið 1898 en náði aldrei aftur til Tyrklands þar sem skipið fórst á leiðinni.



ÖRYGGI Í ÞÍNU SUMARFRÍ

Við vonum að þú upplifir frábært sumarfrí og takir margar góðar minningar með þér heim. Við viljum gefa þér og þínum nokkur góð ráð svo ekkert komi nú óþægilega á óvart.

Svalir

Svalahurðir eru yfirleitt alltaf úr gleri og þú ættir alltaf að passa að lásinn virki og athuga hvort að hurðin er opin eða læst. Börn yngri en 12 ára ættu aldrei að vera ein úti á svölum.

Brunavarnir

Þegar þú kemur á hótelið þá mælum við með því að þú og fjölskylda þín byrjið á að kynnast umhverfinu og kynnið ykkur upplýsingar um hvað skal gera ef eldur kemur upp á hótelinu. Ef þú verður var við eld eða reyk biðjum við þig að hafa samband við móttökuna þegar í stað. Ef kviknað hefur í nálægt hótelinu þá skaltu loka öllum gluggum og hurðum og láta hótelfarismenn vita. Ekki gleyma að hjálpa öðrum gestum sem gætu þurft á hjálp að halda í neyðartilvikum.

Öryggishólf

Þú ert sjálf/ur ábyrg/ur fyrir þínum verðmætum, líka inni á þínu herbergi. Við mælum því alltaf með því að þú notir öryggishólf á herberginu. Ekki taka með þér meiri pening en þú þarft þegar þú ferð á ströndina eða í sundlaugina.

Dýr

Í Tyrklandi er mikið um villta hunda og ketti. Við vörum sterklega við því að reyna að klappa eða nálgast þessi dýr vegna sýkingarhættu. Ef að köttur eða hundur sleikir þig, klórar eða bítur ættir þú að þvo þér vel með vatni og sápu og hafa svo samband við lækni til að fá ráðleggingar ef það virðist vera sýking í sárinu.



Lyftur

Börn undir 12 ára aldri mega ekki fara ein í lyfturnar heldur skulu alltaf vera í fylgd með fullorðnum. Aldrei má nota lyfturnar við bruna.

Henna húðflúr

Á mörgum hótélum og allt í kringum hótelin má sjá henna húðflúrara sem teikna húðflúr á húðina með henna lit. Við mælum eindregið frá slíku þar sem þessir henna litir innihalda oft kemísk efni sem geta verið mjög ofnæmisvaldandi.

Hreinlæti

Magaveiki er mjög algeng í löndunum í kringum Miðjarðarhafið og það er á þína ábyrgð sem gestur hótelsins að huga vel að eigin hreinlæti bæði fyrir sjálfan þig en einnig vegna annarra gesta. Þú ættir alltaf að þvo þér um hendurnar fyrir matinn, aldrei ganga um berfætt/ur (sérstaklega ekki á klósettinu) og þvo þér vel áður en að þú ferð ofan í sundlaugina.


Ekki gleyma að drekka mikinn vökva, þar sem vöskvaskortur getur orsakað magaveiki. Athugaðu að alkohól og gos hefur uppþornandi áhrif á kroppinn. Öll hótelin okkar hafa hagsmuni gesta sinna að leiðarljósi og þar er öryggi og heilsa hæst á forgangslista. Því er allur matur og drykkur athugaður daglega á öllum Nazar hótelum. Hótelin taka próf af matnum samkvæmt alþjóðlegum stöðlum og við hjá Nazar erum mjög nákvæm að öllu ferlinu sé fylgt vel eftir.

Jarðskjálfti

Í Tyrklandi, rétt eins og á Íslandi geta komið jarðskjálftar. Ef til jarðskjálfta kemur gildir að halda ró sinni og bregðast snögg við.

Ef þú ert innanhúss

- Leitaðu skjóls undir t.d. sterklegu borði eða öðru sem getur hlíft þér frá fallandi hlutum eins og skápum, bókahillum og öðru slíku. Almannavarnir mæla með aðferðinni krjúpa-skýla-halda. Þú skalt ætíð reyna að skýla höfði og hálsi eins vel og mögulegt er.
- Athugið að gluggar geta brotnað
- Ef það kviknar í skaltu reyna að slökkva eldinn eins fljótt og mögulegt er. Athugið að alltaf skal geyma eldfim efni á öruggum stað. Yfirleitt er meiri eyðilegging eftir elda sem kvikna eftir/við jarðskjálfta, heldur en jarðskjálftanna sjálfa.
- Ekki hlaupa út í óðagoti heldur skaltu bíða þar til skjálftanum er lokið.
- Ekki nota lyfturnar ef til jarðskjálfta kemur
- Ef mögulegt er skaltu hafa hurðina opna svo sem auðveldast sé að komast út um leið og skjálftanum lýkur.



Ef þú ert utanhúss

- Þú skalt ætíð reyna að skýla höfði og hálsi eins vel og kostur er. Best er að halda sig á opnu svæði. Annars skaltu reyna að forðast allt sem getur dottið/fallið niður.
- Ef þú ert í bíl skaltu stöðva bílinn í vegkantinum og bíða kyrr inni í bílnum. Ekki stöðva bílinn undir eða uppi á brúm sem geta hrunið.

Eftir jarðskjálfta

Vertu viðbúin eftirskjálfta. Þú skalt forðast skemmdar byggingar sem mögulega gætu hrunið og farðu varlega ef þú þarft að fara innanhús.

Þú skalt fylgja innlendum leiðbeiningum og ráðleggingum sem sjá og heyra má í sjónvarpi og útvarpi. Einnig skaltu hafa samband við fararstjóra þinn hjá Nazar fyrir frekari upplýsingar.

Menningararfur

Það er stranglega bannað að taka með sér steina, skeljar eða aðra hluti sem geta talist sem menningararfur. Mögulegt er að þeir séu mjög gamlir og því er ólöglegt að taka þá með úr landi.

Læknir

Ef þú þarft að fá læknistíma skaltu hafa samband við fararstjóra þinn hjá Nazar sem hjálpar þér að finna lækni/sjúkrahús. Við viljum vera viss um að þú fáið bestu mögulegu umönnunina og því viljum við vera með í ráðum við val á lækni. Eins eigum við þá meiri möguleika til að hjálpa til ef þú þarfnast sérstakar umönnunar í veikindum þínum.

Þegar þú hittir lækni erlendis skaltu alltaf hafa með þér vegabréfið og tryggingarbréf. Ef þú hefur ekki sérstakt tryggingarbréf þarftu yfirleitt að greiða fyrir læknisheimsóknina. Það er því mikilvægt að þú geymir allar kvittanir bæði fyrir lækni og meðöl, til að geta sýnt fram á kostnaðinn þegar heim er komið. Við höfum því miður ekki möguleika á að hjálpa þér að nálgast afrit af kvittunum eftir á.

Sundlaugarsvæðið

Þú getur yfirleitt séð það á sundlaugarbakkanum hversu djúp sundlaugin er. Þú skalt ætíð athuga hversu djúp laugin er áður en þú hoppar út í vatnið. Aldrei skal stinga sér í sundlaugarnar! Sundlaugarbakkinn og svæðið í kringum sundlaugina getur verið hálta og því biðjum við þig að fara varlega þegar þú gengur þar. Aldrei skal hlaupa og hoppa út í sundlaugarnar.





Verslanir

Á mörgum stöðum í Tyrklandi eru verðin uppgefin í lírum, evrum og dollurum. Þú skalt því ætíð athuga hvaða gjaldmiðli verðið er í áður en þú kaupir nokkuð. Gæði og ábyrgð fara eftir verði og hvar varan er keypt. Nazar getur einungis ábyrgst þær verslanir sem við mælum með. Þar af leiðandi getum við eingöngu aðstoðað við skil og kvartanir hjá þeim verslunum.

Ströndin

Á mörgum ströndum er flaggað fána sem gefur til kynna hvernig sjórinn, öldurnar og straumurinn er þann daginn. Ef fáninn er grænn þá má fara í sjóinn. Ef fáninn er appelsínugulur þýðir það að ef þú vilt fara í sjóinn þá er það á þína eigin ábyrgð. Rauður fáni þýðir að það er bannað að fara í sjóinn. Blár fáni þýðir að þetta er gæða strönd sem býður upp á mikið öryggi. Þú ættir aldrei að synda burt frá ströndinni, frekar að synda meðfram ströndinni. Að fara í sjóinn á nóttunni getur verið mjög hættulegt og því ætti alveg að forðast nætursund. Að blanda saman áfengi og sundi getur verið hættulegt. Þegar þú ert á ströndinni ættir þú alltaf að hafa eigur þínar í augnsýn. Ekki skilja neitt eftir án eftirlits.

Sólin

Athugið að sólin við Miðjarðarhafið er mjög sterk. Þú ættir því að vera mjög varkár þegar þú ert í sólinni. Á milli klukkan 12:00 og 16:00 ættir þú að vera sérstaklega varkár og helst ekki vera í sólinni. Fyrstu daga sumarfrísins ættir þú að vera sérlega varkár og nota góða sólarvörn (með háum sólarvarnarstuðli) og nýta þér sólhlífur. Þegar húðin hefur aðeins fengið að venjast sólinni getur þú mögulega notað sólarvörn með lægri sólarvarnarstuðli. Athugið að mjög mikilvægt er að börnin hafi hatt eða eitthvað álíka á höfðinu til að forðast sólsting. Einnig er mjög mikilvægt að smyrja axlir barnanna með sólarvörn með háum sólarvarnarstuðli eða láta þau vera í bol.

Tröppur

Tröppurnar á hótelinu geta verið hálar og því ættir þú alltaf að halda í handriðið. Þú ættir sérstaklega að vera varkár nálægt sundlauginni.

Vatn

Kranavatnið í Tyrklandi inniheldur aðra bakteríuflóru en þá sem við erum vön á Íslandi. Því mælum við ekki með því að kranavatn sé drukkið heldur skaltu frekar drekka vatn í flösku eða frá vatnsstöðvunum sem eru á „allt innifalið“ hótélunum okkar. Einnig er hægt að kaupa vatn í flestum verslunum og á veitingastöðum.

Vatnaípróttir

Oft er mögulegt að prófa alls kyns vatnaípróttir á ströndinni. Við mælum með því að þú lesir vandlega í gegnum alla skilmála áður en þú prófar neitt af þeim. Því þótt tryggingarnar standist allar kröfur í Tyrklandi eru þær ekki endilega í samræmi við það sem við eigum að venjast.

Við leigu á búnaði skaltu fá starfsmanninn til að lesa samninginn upphátt fyrir þig áður en þú skrifar undir samning. Áður en þú skrifar undir skaltu kynna þér vel innihaldið og eins alla skilmála.

MIKILVÆG SÍMANÚMER

Lögregla: 155

Utanríkisráðuneytið

Internet: www.utanrikisraduneyti.is

Sími: 354 - 545 9900

Íslenski ræðismaðurinn í Ankara

Sími: +90 (312) 447 4013 og

+90 (312) 447 5397

Netfang:

iceconsulank@gmail.com

